

Dags eftirlits	28.2.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Matís ohf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Vínlandsleið 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670906-0190	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Elísabet Eik Guðmundsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Matís til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örveru í flokki 1. Engin frávik komu fram sem varðar starfsemi en tvær ábendingar voru settar fram er varða þjálfun starfsfólks og útrunnið leyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Matís fyrir afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki 1 að Vínlandsleið 12 og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kaflí 2)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kaflí 3)
4. Skoðunarferð

Nýtt leyfi var gefið út 9. apríl 2019 og gildir til 28. febrúar 2023. Umfang starfseminnar hefur ekki breyst frá útgáfu leyfisins og breytingar ekki fyrirhugaðar. Unnið er með mismunandi örverur eftir því sem þörf er á í tengslum við verkefni rekstraraðila.

Farið var yfir skráningar og meðhöndlun úrgangs, sem og innra eftirlit rekstraraðila.

Skipulag og verkferlar eru fullnægjandi, vinnusvæði allt skipulagt og snyrtilegt og rekstraraðili meðvitaður um mikilvægi þess að rýna með reglubundnum hætti þá ferla sem unnið er eftir.

ÁBENDINGAR

Þjálfun og reynsla starfsfólks á að færa í vinnubók skv. 3.2 og 4.2 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi Matís til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum örverum gildi til 28. febrúar 2023.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.03.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir